

Hitt Húsið

Útdrættir úr skýrslum sumarstarfa 2020



Efnisyfirlit

Frístundarstarf fatlaðra	3
Starfið okkar	3
Fjöldi	3
Árangur	4
Samantekt	4
Jafningjafræðslan	5
Starfið	5
Fjöldi	5
Sumarið	6
Árangur	6
Framtíðin	7
Atvinnumáladeild	7
Sumarliðar til íþrótta- og æskulýðsfélaga í Reykjavík.....	7
Sumarverkefni Atvinnumáladeildar.....	8
Árangur	9
Skapandi sumarstörf.....	10
Listhópar og Götuleikhús.....	10
Fjöldi	11
Aðstaða og umsóknarferli	11
Verkefni Listhópa og Götuleikhúss 2020.....	12
Umsagnir ungmenna sem voru í listhópum hjá okkur í sumar:	13

Frístundarstarf fatlaðra

Starfið okkar

Sumarstarfið okkar byrjaði viku seinna vegna Covid-19 og gátu ungmennin því sótt námskeið hjá okkur í 12 vikur (25.05.–14.08.). Við vorum með opið frá kl. 08:00–16:00. Sumarið hjá okkur skiptist í tvö tímabil; tímabil sem er blanda af vinnu og frístundum (vinna fyrir hádegi og frístundir eftir hádegi) og tímabil þar sem er frístundir allan daginn. Hvort tímabilið var 6 vikur.

Á vinnutímabilinu sóttu ungmenni okkar vinnu fyrir hádegi en frístund eftir hádegi. Við unnum með sjö samstarfaðilum þar sem ungmennin fengu vinnu í 6 vikur.

Samstarfaðilar okkar þetta sumarið voru Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Iceland Engihjalla, Fossvogskirkjugarður, Hólavallakirkjugarður, Árbæjarsafn og Hagkaup (Skeifunni og Eiðistorgi). Við þurftum að bæta við verkefnum þar sem við tókum við mun fleiri ungmennum en við erum vön. Því vorum við með verkefni á vegum Hins hússins þar sem ungmennin fengu vinnu. Þau verkefni voru smíðavellir, garðyrkja og matjurtagarður í Mosfellsbæ. Starfsmenn fylgdu ungmennum á vinnustaði og aðstoðuðu þau í vinnu. Ungmennin fengu að upplifa marga og fjölbreytta vinnustaði á vinnutímabilinu. Eftir hádegi ákváðu ungmenni og starfsmenn í sameiningu hvernig ætti að nýta frístundina.

Á frístundartímabilinu var skipulögð frístund allan daginn. Ungmennin fengu dagskrá fyrir hverja viku og var ákveðin afþreying í boði hvern dag. Það var farið í Rush, lundaskoðun, Fly over Iceland, bíó, ferðir út á land, sund og söfn svo eitthvað sé nefnt.

Fjöldi

Í heildina voru 45 ungmenni skráð hjá okkur í sumarstarf Hins hússins fyrir sumarið 2020. Sú tala hækkaði þegar sumarstarfið hófst þar sem mun fleiri ungmenni sóttu um en við höfðum búist við. Það var lítið af störfum í boði fyrir þau á almenna vinnumarkaðinum vegna Covid-19. Það er erfitt fyrir þessi ungmenni að fá vinnur og

þarf þessi hópur virkilega á því að halda og tókum við því alla inn sem eftir því óskuðu. Í heildina vorum við með 55 ungmenni þegar mest lét. Þegar leið á sumarið og vinnutímabilið kláraðist fækkaði í hópnum. Flest þeirra ungmenna sem við tókum seint á móti voru í leit að vinnu og því hættu þau þegar frístundarvikurnar byrjuðu, þó einhver héldu áfram og eru hjá okkur enn.

Alls störfuðu 40 starfsmenn hjá okkur í sumar.

Árangur

Heilt yfir gekk sumarið framar vonum. Í byrjun maí vorum við ekki komin með neina samstarfaðila þar sem Covid-19 hafði sett allt á stopp. Við frestuðum einnig sumarstarfinu um viku þar sem við gátum ekki tekið á móti öllum ungmennunum vegna fjöldatakmarkana. Í vikunni áður en sumarstarfið opnaði fengum við þá samstarfsaðila sem taldir eru upp hér að ofan í lið með okkur og útlitið var mun bjartara. Sumarstarfið gat loksins hafist og gekk það mun betur en við bjuggumst við. Fyrstu vikurnar voru krefjandi vegna fjölda ungmenna og nokkurra sem við höfðum aldrei hitt og þekktum ekki til en starfsfólkið tókst vel á við það verkefni. Við fengum að kynnst nýjum ungmendum sem hafa síðan ákveðið að sækja Hitt húsið núna í vetur.

Samantekt

Sumarið 2020 var eitt það mest krefjandi sem við höfum tekist á við í Hinu húsinu, og á það eflaust við á mörgum öðrum stöðum. Mánuðirnir fram að sumrinu einkenndust af mikilli óvissu en þó ekki ringulreið. Óvissan var meðal ungmenna, aðstandenda og starfsmanna í frístundastarfinu en stjórnendateymi frístundastarfs fatlaðra hélt ró og tókst að skila af sér mjög góðu sumri. Okkur tókst einnig að létta á foreldrum og forráðamönnum fyrir sumarið með því að bjóða upp á opnun frístundastarfs á undan öðrum stöðum sem ungmenni sækja í hefðbundnu árferði.

Jafningjafræðslan

Starfið

Jafningjafræðsla Hins hússins á sér langa sögu og hefur verkefnið þróast mikið á þeim áratugum síðan það hófst árið 1996. Jafningjafræðslan er verkefni innan Hins Hússins á Rafstöðvarvegi 7-9.

Á vorin eru ráðnir Jafningjafræðarar á aldrinum 16-19 ára sem starfa í 8 vikur og fræða rúmlega þúsund ungmenni á aldrinum 14-16 ára. Hugmyndafræðin er að ungur fræðir ungan og er fræðslan hugsuð til að vera á jafningjagrundvelli. Ungt fólk er líklegra til að tengja við jafnaldra sína og er því afl Jafningjafræðslunnar gríðarlega mikið. Hópeflisleikir eiga stóran þátt í fræðslunum og er tilgangurinn með þeim að efla tengsl innan hópsins.

Jafningjafræðsla Hins hússins leggur mikla áherslu á að starfið sé faglegt og að fræðarar Jafningjafræðslunnar séu fyrirmyndir og leiðtogar. Í byrjun sumarstarfsins er þriggja vikna undirbúningnámskeið sem er eitt vandaðasta leiðtoganámskeið á landsvísu. Þar fá verðandi Jafningjafræðarar fræðslu frá fagaðilum um málefni líðandi stundar. Meðal annars fá þau fræðslu um jafnrétti, kynlíf, vímuefni, sjálfsmynd unglinga, félagslega einangrun, tölvufíkn, neteinelti, geðvanda og margt, margt fleira. Þau fá einnig fræðslu í hópamyndun, hópvinnslu, raddþjálfun og læra hópeflisleiki.

Fjöldi

Sumarið 2020 voru 16 fræðarar starfandi hjá Jafningjafræðslu Hins Hússins - og til viðbótar fjögur ungmenni frá Suðurlandi sem sátu námskeiðið til undirbúnings því að fræða á Suðurlandinu í nafni Jafningjafræðslu Suðurlands.

Áhugi fyrir starfi Jafningjafræðslunnar er gríðarlega mikill og er mikill fjöldi umsókna ár hvert. **Alls bárust 176 umsóknir** frá ungmenum með lögheimili í Reykjavík. Þar af voru 51 umsókn sem bárust þegar auglýst voru tvö auka stöðugildi vegna Covid-19.

Það voru þrettán umsækjendur ráðnir með lögheimili í Reykjavík og þrír með lögheimili í Kópavogi. Jafningjafræðsla Hins hússins sá einnig um ráðningar fyrir Kópavogsbæ.

Ráðningarferlið var að mörgu leyti frábrugðið ferli fyrri ára og ekki náðist að halda áætlaðar hópprufur vegna samkomubanns. Þess í stað voru farnar óhefðbundnar leiðir og var óskað eftir kynningarmyndbandi frá umsækjendum. Myndbandið átti að vera í mesta lagi 5 mínútur.

Sumarið

Sumarið gekk yfir heildina frábærlega og voru ungmenni sem fengu Jafningjafræðslu mjög ánægð og fannst þau hafa lært mikið.

Það var gríðarlegur lærdómur sem varð um sumarið.

Götuhatið Jafningjafræðslunnar var haldin hátíðleg 9.júlí og mætti fjöldi fólks í Hitt Húsið. Hátíðin gekk vonum framur og var ánægjulegt hversu vel var mætt og að sjá að eftir flutninga Hins Hússins virðast fleiri vera búnir að meðtaka það. Það var vissulega krefjandi við undirbúning og inntökuferlið að vera í mikilli óvissu vegna Covid-19 sem setti vissulega strik í reikninginn. Það var í raun tvísýnt um tíma hvort það væri gerlegt að halda úti Jafningjafræðslu árið 2020. En blessunarlega slakaði á samkomutakmörkunum og faraldrinum og starfið gekk að mestu leyti sinn vanagang og allt gekk upp.

Árangur

Sumarið gekk vonum framur og gekk alveg áfallalaust fyrir sig. Ekkert smit kom upp og um 1.500 ungmenni fengu Jafningjafræðslu.

Jafningjafræðsla Hins Hússins var með fræðslu í átta sveitarfélögum. Vegna ástandsins á atvinnumarkaðnum fengust tvö auka stöðugildi sem gerði það að verkum að við gátum frætt fleiri ungmenni þar sem ungmennin vinna í þriggja manna teyimum.

Ungmenni sem fengu fræðslu voru gríðarlega ánægð og niðurstöður gagna staðfesta það. Eftir hverja fræðsu var lagt fræðslumat fyrir ungmennin þar sem þau svöruðu könnun um hvernig þeim líkaði fræðslan. 75,1% svarenda fannst fræðslan skemmtileg og 21,8% frekar skemmtileg. Þá svöruðu 89% svarenda að þau hefðu lært eitthvað.

Framtíðin

Með lærdómi þessa starfsárs mun starfið halda áfram að vaxa og blómstra. Jafningjafræðarar sumarsins voru ánægð með samstarfið sitt við stjórnendur og töluðu öll um persónulegan þroska og sigra. Það geta allir verið stoltir af sinni vinnu sem komu að Jafningjafræðslunni sumarið 2020 á fordæmalausum tímum.

Framundan í Jafningjafræðslu eru vetrarfræðslur í framhaldsskólum og markaðsstarfsvinna.


Nánari upplýsingar um sumarstarf Jafningjafræðslunnar gefur verkefnastjóri, Berglind Rún Torfadóttir, og möguleiki er að fá afhenta fullunna skýrslu frá sumrinu.

Atvinnumáladeild

Sumarliðar til íþróttá- og æskulýðsfélaga í Reykjavík

Innan ramma ÍTR er ákveðin fjárveiting ætluð atvinnumálum ungs fólks og er henni ætlað að fjölga sumarstörfum fyrir reykvísk ungmenni og styrkja stöðu þeirra á vinnumarkaði sem og að styðja við sumarnámskeið íþróttá- og æskulýðsfélaga í Reykjavík í formi starfsfólks. Í ár voru alls 221 sumarliði ráðnir til 32 íþróttá- og æskulýðsfélaga. Þar af voru 58 einstaklingar ráðnir með sérstöku fjármagni ætluðu 17 ára aldurshópnum og 23 ungmenni ráðin með sérstöku fjármagni ætluðu aldurshópnum 18 ára og eldri.

Tafla sem sýnir aldursskiptingu sumarliða.



Umsóknar- og ráðningarferlið gekk vel fyrir sig og voru félögin ánægð með það viðbótarfjármagn sem kom í maí, enda hafa félögin kallað eftir auknu fjármagni til ráðninga sumarliða undanfarin ár og mikilvægt er að skoða hvort áframhald getur orðið á því. Félögin hafa óskað eftir að ráða inn sumarliða til að nota á grasvöllum og myndu vilja ráða viðkomandi yfir allt sumarið.

Einnig er vert að taka fram að flest félögin fengu milli 10-25 umsóknir eða fyrirspurnir um sumarstarf sem ekki var hægt að verða við. Einungis lítill hluti þessara ungmenna sótti um formlega hjá borginni og því margt sem bendir til þess að mörg ungmenni voru atvinnulaus í sumar. Viðbótarúthlutunin nýttist því einnig vel til að koma fleirum ungmönnum í virkni yfir sumartímann. Töluvert var leitað til atvinnuráðgjafa af forráðamönnum og ungu fólki sem var ekki lengur gjaldgengt í vinnuskólann. Mikilvægt er að finna úrræði fyrir 17 ára krakkana í Reykjavík því stór hluti þeirra getur ekki treyst á að fá vinnu yfir sumarið í gegnum borgina, þrátt fyrir að vera ekki orðin sjálfráða. Vinnuskólinn í Reykjavík getur bara tryggt sumarstarf upp að 16 ára aldri.

Sumarverkefni Atvinnumáladeildar

Tvö 17 ára ungmenni, Davíð og Fanney, voru ráðin til að taka þátt í sumarverkefni Atvinnumáladeildar sem stóð yfir í 6 vikur (6. júlí-16. ágúst) undir handleiðslu starfsfólks Atvinnumáladeildar Hins Hússins. Hlutverk sumarhópsins var tvíþætt:


- Að búa til og uppfæra fræðslu- og kynningarefni sem Atvinnumáladeildin notar.
- Að stuðla að meiri sýnileika Atvinnumáladeildar Hins Hússins.

Með þessu sumarverkefni vildi Hitt Húsið leggja sitt af mörkum við að styðja við unga sumarstarfsmenn Reykjavíkurborgar sem eru oft og tíðum að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Mikilvægt er í ljósi aukins atvinnuleysis í samfélaginu að ungt fólk sé meðvitað um að það geti sótt sér ráðgjöf og aðstoð við atvinnuleit í Hinu Húsinu. Þetta verkefni stuðlaði einnig að því að vekja ungt fólk til umhugsunar um mikilvæg málefni tengd atvinnumarkaðinum og atvinnuþátttöku. Hitt Húsið hefur nú þegar fjölbreytt fræðslu- og kynningarefni í boði en það er hægt að gera betur í framsetningu til að ná betur til markhópsins. Því álitu starfsmenn Atvinnumáladeildar að tilvalið væri að fá ungmenni í þetta verkefni sem gætu komið með nýjar hugmyndir sem höfðu betur til jafnaldra þeirra. Lagt var upp með að gefa þeim mikið frjálstræði til að koma þessum hugmyndum sínum í framkvæmd og sjá svo hvert það leiddi.

Ungmennin byrjuðu á því að gera könnun á meðal ungs fólks hvaða umræðuefni tengd atvinnumálum væri brýnt að skerpa á. Í kjölfarið bjuggu þau svo til kynningarefni um hvern umræðupunkt fyrir sig og reyndu af hafa framsetninguna sem áhugaverðasta. T.d. fóru þeir í heimsókn í Litlu kvíðameðferðarstöðina til að taka viðtal við sérfræðinga um hvernig sé hægt að takast á kvíða tengdan atvinnuleysi eða atvinnuleit. Annað dæmi er að þeir bjuggu til mjög sjónrænar leiðbeiningar um hvernig er hægt að nýta sér Canva (frítt hönnunarforrit) við gerð ferilskrár. Allt þetta efni mun síðan birtast á Áttavitann svo það sé aðgengilegt og líklegt að koma upp í leitarvélum. Þau bjuggu einnig til Instagram síðu fyrir atvinnumáladeildina sem samanstóð af sjónrænum örkyningum á hverju umræðuefni.

Árangur

Heilt yfir gekk sumarverkefnið gekk vel og sýndu ungmennin frumkvæði við vinnu verkefnisins, sérstaklega þegar tillit er tekið til þess að þau eru aðeins 17 ára gömul. Ein af niðurstöðum verkefnisins var að takmörkuð þekking er hjá yngsta aldurshópnum (17-18 ára) á málefnum tengdum atvinnumálum ungs fólks. Því væri þörf að þróa þetta verkefni áfram og bjóða upp á sambærilegt sumarstarf á næsta ári.



Línurit sem sýnir niðurstöður úr óformlegri könnun sumarstarfsmanna.

Skapandi sumarstörf

Listhópar og Götuleikhús

Á hverju sumri býðst ungmenum á aldrinum 17 til 25 ára með lögheimili í Reykjavík að sækja um starf í átta vikur við Listhópa og Götuleikhús Hins Hússins. Í sumar störfuðu fjórtíu og fjögur ungmenni í átta vikur í Listhópum og Götuleikhúsi Hins Hússins. Einnig var einn leikstjóri, og einn búningahönnuður ráðnir til starfa við Götuleikhúsið. Tveir verkefnastjórar í Menningardeild Hins Hússins voru síðan í vinnu við að halda utan um verkefnið.

Fjöldi

Alls bárust **128** starfsumsóknir í Listhópa Hins Hússins og **77** starfsumsóknir í Götuleikhúsið. Auk þess bárust margar umsóknir sem ekki voru teknar gildar eftir að umsóknartíma lauk. Með aukafjárveitingu komust um **21%** þeirra einstaklinga sem sóttu um í Listhópa og **14%** þeirra sem sóttu um í Götuleikhúsið til starfa. Kynjahlutfall þeirra ungmenna sem fengu vinnu í Listhópum og Götuleikhúsi Hins Hússins í sumar var: 22 kvk (50%), 2 hán (4,5%), 20 kk (45,5%). Í heild voru fleiri umsóknir í listhópa frá piltum en fleiri umsóknir í götuleikhúsið frá stúkum.

Í ár voru tuttugu stöðugildi fyrir listhópa innan ramma en aukafjárveiting gerði átta einstaklingum til viðbótar kleift að vinna að sínum verkefnum. Í lok sumars barst svo aftur aukafjárveiting og var það nýtt til að ráða fimm einstaklinga til viðbótar undir titlinum Liststyrkir Hins Hússins. Þessir einstaklingar voru valdir út frá hugmyndum sínum þar sem þau gátu unnið mjög sjálfstætt að framgangi verkefna sinna. Viðkomandi unnu mjög sjálfstætt, funduðu reglulega með stjórnendum menningardeildar og skiluðu skýrslu í lok tímabils.

Í sumar var Götuleikhúsið með níu stöðugildi fyrir ungmenni auk leikstjóra og hönnuðar innan ramma en fékk einnig aukafjárveitingu og bættust þá við tvö stöðugildi ungmenna. Árlega er leikstjóri ráðin til liðs við Götuleikhúsið ásamt búningahönnuði sem hannar búninga og leikmyndir í samvinnu við hópinn. Meðlimir Götuleikhússins fá þjálfun í öllu því helsta sem tengist starfi götuleikhúss og leikararnir koma að öllum undirbúningi sem viðkemur sýningunum.

Aðstaða og umsóknarferli

Í sumar fékk Götuleikhúsið vinnuaðstöðu í Kvennaskólanum í Reykjavík. Götuleikhúsið er orðið vel þekkt meðal almennings enda hefur leikhúsið frá upphafi fóstorað stóran hóp ungs fólks sem nú eru starfandi leikarar og verið starfrækt yfir sumartímamann frá árinu 1994.

Í Listhópum Hins Hússins gefst ungu fólki kostur á að koma með hugmyndir að skapandi verkefnum og sækja um styrki. Valdir hópar eða einstaklingar fá síðan

tækifæri til að þróa og vinna að hugmyndum sínum. Umsækjendur þurfa að skila greinargóðri lýsingu á verkefninu, umfangi þess og markmiðum. Þau þurfa einnig að skila inn verk- og tímaáætlun verkefnisins, fjárhagsáætlun og upplýsingum um aðstandendur verkefnis. Öllu þessu þurfa ungmennin að skila því umsóknarferlið er látið endurspegla það ferli sem þau munu þurfa að ganga í gegnum til að sækja um í stærri sjóði síðar á lífsleiðinni. Einungis er um laun að ræða til þeirra sem starfa í Listhópum og þurfa þau að öllu leyti að fjármagna verkefnin sín sjálf s.s. útvega vinnuaðstöðu og fjármagna allan annan kostnað við útfærslu á verkefninu. Í sumar var mikið líf þrátt fyrir COVID-19 og voru verkefnin afar fjölbreytt, metnaðarfull og skemmtileg.

Verkefni Listhópa og Götuleikhúss 2020

Listhóparnir og Götuleikhúsið voru mjög sýnileg víða í Reykjavíkurborg, sérstaklega þar sem lítið annað var um að vera vegna kóróna-heimsfaraldurs. Viðburðir sem báru nafnið Föstudagsfiðrildi voru haldnir þrisvar sinnum á Föstudögum á ráðningartímanum en þar komu allir hóparnir og Götuleikhúsið saman og sýndu á einskona götuhátíð á Laugaveginum. Á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, voru hóparnir og Götuleikhúsið stór hluti þeirrar dagskrár sem í boði var. Uppskeruhátíðin Vængjasláttur var síðan síðasta sameiginlegi viðburðurinn í miðborginni þar sem allir hóparnir sýndu gestum og gangandi í borginni uppskeru sumarsins. Hópar og einstaklingar stóðu einnig fyrir fjölmörgum sýningum á eigin vegum; haldnir voru tónleikar í kirkjum, á hjúkrunarheimilum, í leikskólum og íbúðarkjörnum fyrir fatlaða. Ennfremur voru haldnar ljósmyndasýningar í galleríum, útgáfutónleikar EP platna, stuttmyndasýningar, tískusýningar, bókaútgáfupartý, dansgjörningar, o.s.frv.

Í tímans rás hafa margir af okkar fremstu listamönnum innan allra listgreina tekið sín fyrstu skref í Listhópum Hins Hússins og Götuleikhúsinu. Ótrúlegt má teljast hverju þetta unga fólk kemur í verk þegar það fær ofurlítið fjármagn og tækifæri til þess að láta ljós sitt skína. Verkefnamódel Hins Hússins um Listhópa og Götuleikhús hefur verið tekið upp af öðrum sveitafélögum, t.d. Kópavogi, Garðabæ, Akureyri og á Austurlandi og í ýmsum smærri sveitafélög um land allt. Athygli vekur að ýmis önnur sveitarfélög bjóða jafnvel fleiri stöðugildi og hærri laun en Reykjavík sem þó hefur flesta íbúa og er brautryðjandi verkefna af þessu tagi. Verkefni okkar er ótrúlega

verðmætt eins og má sjá á umsögnum úr skýrslum starfsmanna hér að neðan. Óhætt er að hvetja lesanda til að horfa á mynd Gunnars Freys sem starfaði í Listhópi Hins Hússins í sumar og tók upp brot af því sem komst í framkvæmd á liðnu sumri.

Hlekkur á mynd um starf sumarsins eftir **Gunnar Freyr Ragnarsson** sem var í Listhóp hjá Hinu Húsinu í sumar:

<https://www.facebook.com/listhoparHinsHussins/videos/756677421744999>

Umsagnir ungmenna sem voru í listhópum hjá okkur í sumar:

„Það er frábært að sjá borgina styðja við ungu listamennina sína og veita þeim tækifæri til þess að vinna listræn verkefni á sínum eigin forsendum. Ég tel mig einstaklega heppinn að hafa fengið þennan styrk og lærdi ótrúlega margt í ferlinu sem ég mun taka með mér í allar þær áskoranir sem framtíðin ber í skauti sér. Svona starfsemi er að mínu mati stór þáttur í því hversu vel listalíf borgarinnar nær að blómstra.“ -**Einstaklingur sem var í listhóp**

„Þegar yfir allt sumarið er litið er ég mjög sátt. Að fá að vinna við það sem manni finnst skemmtilegast að gera og hefur mikla ástríðu fyrir eru sannkölluð forréttindi. Þótt ég hafi verið á listabraut í Verzló þá fannst mér ég aldrei hafa fullt frelsi til þess að gera nákvæmlega það sem ég vildi og var ég þá undir lokin á mínu námi nánast búin að missa áhugann á listinni. Ég hætti við að sækja um listnám og sótti frekar um viðskiptafræði. Eftir sumarið hefur þessi skoðun mín svo sannarlega breyst. Eftir að hafa unnið við þetta skemmtilega verkefni og í kringum þetta hæfileikaríka listafólk hef ég aftur fengið þennan áhuga á list sem ég hafði áður. Ég hætti við að fara í viðskiptafræði í haust og sótti á seinustu stundu um pláss í Den skandinaviske Design hojskole. Ég fékk pláss þar og mun fara til Danmerkur þann 2. ágúst að læra arkitektúr, fata-, grafíska- og vöruhönnun. Ef það væri ekki fyrir þetta starf og krakkana sem ég kynntist í því væri ég ekki á leið þangað. Ég stefni svo á að sækja um listnám bæði hér heima og í Danmörku eða öðrum Evrópulöndum. Ég er ævinlega þakklát fyrir tækifærið að geta unnið við að skapa list og fyrir allt fólkið sem ég kynntist í þessu ferli sem eru svo miklir snillingar.“ -**Einstaklingur sem var í listhóp**

„Tækifærið til að vinna stórt og metnaðarfullt verkefni af fullri athygli í svona langan tíma er það sem stendur upp úr fyrir mér. Sem námsmaður og starfandi tónlistarmaður er yfirleitt mjög erfitt að finna mikinn tíma til að sinna stórum verkefnum eins og þessu, því er ómetanlegt að hafa tækifæri til að geta sett sér stórt markmið og unnið markvisst að því og engu öðru í tvo mánuði. Það að hafa pressuna til að framfylgja verkefninu með tónleikahaldi setti líka pressuna á mig til að klára verkefnið og flytja það hvort sem mér fannst ég vera tilbúinn til þess eða ekki.“ -**Einstaklingur sem var í listhóp**